með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 72/2009 frá 29. maí 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1784/2006 frá 4. desember 2006 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2037/2000 að því er varðar notkun hjálparefna við vinnslu ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 21aa (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2037/2000) í XX. viðauka við samninginn:

„– **32006 R 1784**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1784/2006 frá 4. desember 2006 (Stjtið. ESB L 337, 5.12.2006, bls. 3).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1784/2006, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. júlí 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. júlí 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

O.H. Sletnes

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 232, 3.9.2009, bls. 29, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 47, 3.9.2009, bls. 32.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 337, 5.12.2006, bls. 3.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 89/2009****2009/EES/56/13****frá 3. júlí 2009****um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 73/2009 frá 29. maí 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1338/2008 frá 16. desember 2008 um hagskýrslur Bandalagsins um lýðheilsu og heilbrigði og öryggi á vinnustað ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 19/2009 frá 13. janúar 2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 453/2008 um ársfjórðungslegar hagskýrslur um laus störf í Bandalaginu að því er varðar skilgreiningu á lausum störfum, viðmiðunardagsetningar vegna gagnaöflunar, forskriftir fyrir gagnasendingu og hagkvæmniathuganir ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 20/2009 frá 13. janúar 2009 um samþykkt forskrifta fyrir sérstaka einingu fyrir árið 2010 um samþættingu vinnu og fjölskyldulífs í samræmi við reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 36/2009 frá 11. júlí 2008 um gerð vöruskrár EB yfir iðnaðarvörur fyrir árið 2008 í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3924/91 ⁽⁵⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XXI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 18y (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 763/2008):

„18z. **32008 R 1338**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1338/2008 frá 16. desember 2008 um hagskýrslur Bandalagsins um lýðheilsu og heilbrigði og öryggi á vinnustað (Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 70).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Stjórnvöld í Liechtenstein þurfa ekki að taka saman gögn samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar nema að því er varðar gögn sem um getur í II. viðauka (heilsugæsla) og III. viðauka (dánarorsakir).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 232, 3.9.2009, bls. 30, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 47, 3.9.2009, bls. 34.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 70.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 9, 14.1.2009, bls. 3.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 9, 14.1.2009, bls. 7.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 18, 22.1.2009, bls. 1.

2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 18va (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1062/2008):
„18vb. **32009 R 0019**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 19/2009 frá 13. janúar 2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 453/2008 um ársfjórðungslegar hagskýrslur um laus störf í Bandalaginu að því er varðar skilgreiningu á lausum störfum, viðmið-unardagsetningar vegna gagnaöflunar, forskriftir fyrir gagnasendingu og hagkvæmniathuganir (Stjtið. ESB L 9, 14.1.2009, bls. 3).“
3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 18an (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 377/2008):
„18ao. **32009 R 0020**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 20/2009 frá 13. janúar 2009 um samþykkt forskrifta fyrir sérstaka einingu fyrir árið 2010 um samþættingu vinnu og fjölskyldulífs í samræmi við reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 (Stjtið. ESB L 9, 14.1.2009, bls. 7).“
4. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 4af (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1165/2007):
„4ag. **32009 R 0036**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 36/2009 frá 11. júlí 2008 um gerð vöruskrár EB yfir iðnaðarvörur fyrir árið 2008 í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3924/91 (Stjtið. ESB L 18, 22.1.2009, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 1338/2008, 19/2009, 20/2009 og 36/2009, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. júlí 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. júlí 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

O.H. Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 90/2009****2009/EES/56/14****frá 3. júlí 2009****um breytingu á bókun 30 við EES-samninginn, um sérstök ákvæði varðandi skipulagningu samvinnu á sviði hagskýrslugerðar**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 30 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 75/2008 frá 6. júní 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Nútímavæðing evrópskra hagskýrslna um fyrirtæki og viðskipti á að fara fram í samræmi við ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1297/2008/EB frá 16. desember 2008 um áætlun um nútímavæðingu evrópskra hagskýrslna um fyrirtæki og viðskipti (MEETS) ⁽²⁾.
- 3) Af þessum sökum ber að breyta bókun 30 við samninginn til þess að þetta aukna samstarf geti átt sér stað frá 1. janúar 2009 að telja.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Í bókun 30 við samninginn bætist við á eftir 3. gr. (Hagskýrsluáætlun 2008 til 2012) svohljóðandi ný grein:

„4. gr.

Nútímavæðing evrópskra hagskýrslna um fyrirtæki og viðskipti (MEETS)

1. EFTA-ríkin skulu taka þátt í þeim áætlunum og aðgerðum Bandalagsins, sem um getur í 4. mgr., frá 1. janúar 2009.
2. Markmið 1, 2 og 3 og aðgerðir, sem tengjast þeim og mælt er fyrir um í árlegum vinnuáætlunum sem framkvæmdastjórnin samþykkir í samræmi við ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins sem um getur í 4. mgr., teljast varða hagskýrslusamstarf EES og geta EFTA-ríkin tekið fullan þátt í þeim.
3. Frá 1. janúar 2009 skulu EFTA-ríkin greiða framlag í samræmi við staflið a) í 1. mgr. 82. gr. samningsins og tilheyrandi fjárhagsreglugerðir sem nemur 75 % af fjárhæðinni sem tilgreind er í fjárlagaliðum 29 02 04 og 29 01 04 04 (Nútímavæðing evrópskra hagskýrslna um fyrirtæki og viðskipti) í fjárlögum Bandalagsins.
4. Þessi grein lýtur að eftirfarandi Bandalagsgerð:
 - **32008 D 1297:** Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1297/2008/EB frá 16. desember 2008 um áætlun um nútímavæðingu evrópskra hagskýrslna um fyrirtæki og viðskipti (MEETS) (Stjtið. ESB L 340, 19.12.2008, bls. 76).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 257, 25.9.2008, bls. 41, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 58, 25.9.2008, bls. 23.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 340, 19.12.2008, bls. 76.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2009 að telja.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. júlí 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

O.H. Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 91/2009****2009/EES/56/15****frá 3. júlí 2009****um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum
utan marka fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 40/2009 frá 17. mars 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1298/2008/EB frá 16. desember 2008 um að koma á Erasmus Mundus 2009–2013 aðgerðaáætluninni um að auka gæði æðri menntunar og efla skilning á annarri menningu með samvinnu við þriðju lönd ⁽²⁾.
- 3) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að þetta aukna samstarf geti átt sér stað frá 1. janúar 2009 að telja.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði 4. gr. bókunar 31 við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi málsgrein bætist við á eftir málsgrein 2l:

„2m. EFTA-rikin skulu taka þátt aðgerð 1 og aðgerð 3 í neðangreindri áætlun frá 1. janúar 2009:

- **32008 D 1298:** Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1298/2008/EB frá 16. desember 2008 um að koma á Erasmus Mundus 2009–2013 aðgerðaáætluninni um að auka gæði æðri menntunar og efla skilning á annarri menningu með samvinnu við þriðju lönd (Stjtið. ESB L 340, 19.12.2008, bls. 83).“

2. Texti 3. mgr. hljóði svo

„EFTA-rikin skulu leggja fram fé til þeirra áætlana og aðgerða sem um getur í 1. og 2. mgr. og málsgreinum 2a, 2b, 2c, 2d, 2e, 2f, 2g, 2h, 2i, 2j, 2k, 2l og 2m, í samræmi við staflið a) í 1. mgr. 82. gr. samningsins.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2009 að telja.

(¹) Stjtið. ESB L 130, 28.5.2009, bls. 36, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 28, 28.5.2009, bls. 35.

(²) Stjtið. ESB L 340, 19.12.2008, bls. 83.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. júlí 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

O.H. Sletnes

formaður.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 92/2009

2009/EES/56/16

frá 3. júlí 2009

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum
utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEDANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 131/2007 frá 28. september 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1098/2008/EB frá 22. október 2008 um Evrópuár baráttu gegn fátækt og félagslegri útilokun (2010) ⁽²⁾.
- 3) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að þetta aukna samstarf geti átt sér stað frá 1. janúar 2009 að telja.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði 5. gr. bókunar 31 við samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti 5. mgr. hljóði svo:

„5. EFTA-rikin skulu taka þátt í þeim áætlunum og aðgerðum Bandalagsins sem um getur í tveimur fyrstu undirliðum 8. mgr. frá 1. janúar 1996, í áætluninni sem um getur í þriðja undirlið frá 1. janúar 2000, í áætluninni sem um getur í fjórða undirlið frá 1. janúar 2001, í áætluninum sem um getur í fimmta og sjötta undirlið frá 1. janúar 2002, í áætluninum sem um getur í sjöunda og áttunda undirlið frá 1. janúar 2004, í áætluninum sem um getur í níunda, tíunda og ellefta undirlið frá 1. janúar 2007 og í áætluninni sem um getur í tólfta undirlið frá 1. janúar 2009.“

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 8. mgr.:

„– **32008 D 1098**: Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1098/2008/EB frá 22. október 2008 um Evrópuár baráttu gegn fátækt og félagslegri útilokun (2010) (Stjtíð. ESB L 298, 7.11.2008, bls. 20).“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2009 að telja.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 47, 21.2.2008, bls. 67, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 9, 21.2.2008, bls. 49.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 298, 7.11.2008, bls. 20.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. júlí 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

O.H. Sletnes

formaður.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 93/2009****2009/EES/56/17****frá 3. júlí 2009****um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum
utan marka fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2008 frá 4. júlí 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Rétt er að halda áfram samstarfi samningsaðilanna á sviði framkvæmdar og þróunar innra markaðarins.
- 3) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að þetta aukna samstarf geti haldið áfram eftir 31. desember 2008.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði 7. gr. bókunar 31 við samninginn breytist sem hér segir:

1. Í stað orðanna „fjárhagsárin 2004, 2005, 2006, 2007 og 2008“ í 6. mgr. komi orðin „fjárhagsárin 2004, 2005, 2006, 2007, 2008 og 2009“.
2. Í stað orðanna „fjárhagsárin 2006, 2007 og 2008“ í 7. mgr. komi orðin „fjárhagsárin 2006, 2007, 2008 og 2009“.
3. Í stað orðanna „fjárhagsárið 2008“ í 8. mgr. komi orðin „fjárhagsárin 2008 og 2009“.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2009 að telja.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. júlí 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

O.H. Sletnes

formaður.

⁽¹⁾ Stjórn. ESB L 280, 23.10.2008, bls. 36, og EES-viðbætur við Stjórn. ESB nr. 64, 23.10.2008, bls. 28.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 94/2009****2009/EES/56/18****frá 8. júlí 2009****um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan
marka fjórþætta frelsisins, og bókun 37 við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 86., 98. og 101. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2008 frá 4. júlí 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Bókun 37 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/2009 frá 30. júní 2009 ⁽²⁾.
- 3) Samningsaðilar hafa gagnkvæma hagsmuni af því að Ísland og Noregur öðlist aðild að Evrópuáætlunum um leiðsögu um gervihnött (EGNOS og Galileo) á grundvelli samningsins.
- 4) Evrópuáætlanir um leiðsögu um gervihnött (EGNOS og Galileo) skipta Ísland og Noreg miklu með tilliti til þess hvað landsvæði og hafsvæði beggja ríkjanna liggja norðarlega.
- 5) Ísland og Noregur hafa hug á þátttöku í öllum þjónustutegundum Galileo, og þá einnig ríkisstýrðri þjónustu.
- 6) Taka ber tillit til samninga Evrópubandalagsins við Ísland annars vegar og Noreg hins vegar um öryggisverklag í tengslum við gagnkvæma miðlun leynilegra upplýsinga.
- 7) Samningsaðilar hafa hliðsjón af því að framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna hyggst leggja fram tillögur um stefnumörkun og rekstrartilhögun að því er varðar stjórnun aðgangs að ríkisstýrðri þjónustu og vinna frekar að ráðstöfunum sem snúa að verndun, stjórnun og umsýslu viðkvæmra eigna, upplýsinga og tæknibúnaðar sem fellur undir Evrópuáætlanir um leiðsögu um gervihnött til þess að koma í veg fyrir truflanir, misnotkun, fjandsamleg afskipti og óæskilega útbreiðslu.
- 8) Stjórnvöld á Íslandi og í Noregi ítreka að þau munu samþykkja og framkvæma í lögsögu sinni í tæka tíð ráðstafanir sem tryggja öryggi jafnvel og þær ráðstafanir sem eru í gildi í Evrópusambandinu.
- 9) Stjórnvöld í Noregi hafa tekið þátt í skilgreiningar- og uppbyggingaráföngum Galileoverkefnisins í krafti aðildar sinnar að Geimvísindastofnun Evrópu og rammaáætlun Evrópubandalagsins um rannsóknir og þróunarstarf
- 10) Stjórnvöld í Noregi hafa átt áheyrnaraðild að áætlananefnd um leiðsögu um gervihnött frá árinu 2008 og öryggisnefnd Galileo frá árinu 2002.
- 11) Frá því í júlí 2008 gilda greyttar reglur um stjórn, fjármögnun og eignarhald Evrópuáætlana um leiðsögu um gervihnött.
- 12) Ef þörf gerist geta samningsaðilar gert með sér samkomulag um frekari samstarfsreglur er varði sértæk svið sem ekki falla undir ákvörðun þessa.
- 13) Taka ber fullt tillit til skuldbindinga samningsaðila samkvæmt þjóðarétti.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 280, 23.10.2008, bls. 34, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 64, 23.10.2008, bls. 26.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 232, 3.9.2009, bls. 40, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 47, 3.9.2009, bls. 45.

- 14) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1321/2004 frá 12. júlí 2004 um að koma á fót stofnunum til að annast rekstur Evrópuáætlana um fjarleiðsögu um gervihnött ⁽³⁾ með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 6, 11.1.2007, bls. 10.
- 15) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1942/2006 frá 12. desember 2006 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1321/2004 um að koma á fót stofnunum til að annast stjórnun Evrópuáætlana um fjarleiðsögu um gervihnött ⁽⁴⁾.
- 16) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 683/2008 frá 9. júlí 2008 um nánari framkvæmd Evrópuáætlana um leiðsögu um gervihnött (EGNOS og Galileo) ⁽⁵⁾.
- 17) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að þetta aukna samstarf geti átt sér stað frá 1. janúar 2009 að telja. Sökum efnahagslegra örðugleika skal þátttöku Íslendinga í áætlunum um fjarleiðsögu um gervihnött þó frestað um skeið.
- 18) Með vísan til fullrar þátttöku stjórnvalda í Noregi í skilgreiningar- og uppbyggingaráföngum Galileoverkefnisins, og með það fyrir augum að þau taki einnig fullan þátt í framkvæmdaráfangnum, mun Noregur taka þátt í kostnaði Evrópusambandsins samkvæmt fjárlögum við áætlanir um fjarleiðsögu um gervihnött á árinu 2008.
- 19) Til þess að tryggja góða framkvæmd samningsins ber að víkka gildissvið bókunar 37 við samninginn þannig að hún taki til vísinda- og tækninefndar og kerfisöryggisnefndar sem stjórn áætlanna skapar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1321/2004, og breyta bókun 31 þannig að fram komi hvaða málsmeðferð ræður samskiptum við þessar nefndir.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði 1. gr. bókunar 31 við samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti 8. mgr. hljóði svo:

„a) EFTA-ríkin skulu taka fullan þátt í störfum eftirlitsstofnunar evrópska hnattræna gervihnatta-leiðsögukerfisins, „stofnunarinnar“ í því sem hér fer á eftir, sem var sett á fót samkvæmt eftirfarandi EB-gerð:

– **32004 R 1321**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1321/2004 frá 12. júlí 2004 um að koma á fót stofnunum til að annast rekstur Evrópuáætlana um fjarleiðsögu um gervihnött (Stjtið. ESB L 246, 20.7.2004, bls. 1), með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 6, 11.1.2007, bls. 10, eins og henni var breytt með:

– **32006 R 1942**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1942/2006 frá 12. desember 2006 (Stjtið. ESB L 367, 22.12.2006, bls. 18).

- b) EFTA-ríkin skulu taka þátt í kostnaði í tengslum við starfsemi sem um getur í staflíð a) í samræmi við staflíð a) í 1. mgr. 82. gr. samningsins og bókun 32 við samninginn.
- c) EFTA-ríkin skulu taka fullan þátt, þó án atkvæðisréttar, í störfum stjórnar stofnunarinnar og störfum vísinda- og tækninefndar og kerfisöryggisnefndar stofnunarinnar.
- d) Stofnunin er lögaðili. Hún skal njóta í öllum ríkjum samningsaðila ítrasta réttshæfis og gerhæfis lögaðila samkvæmt löggjöf samningsaðila.
- e) EFTA-ríkin skulu beita gagnvart stofnuninni ákvæðum Bókunar um sérréttindi og friðhelgi Evrópubandalaganna.
- f) Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 2. mgr. 12. gr. ráðningarskilmála annarra starfsmanna Evrópubandalaganna er forstjóra stofnunarinnar heimilt að gera ráðningarsamning við ríkisborgara EFTA-ríkjanna sem njóta óskertra borgaralegra réttinda.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 246, 20.7.2004, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 367, 22.12.2006, bls. 18.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 196, 24.7.2008, bls. 1.

- g) Með skírskotun til 3. mgr. 79. gr. samningsins skal VII. hluti samningsins (Ákvæði um stofnanir) gilda um þessa málsgrein, að frátöldum ákvæðum 1. og 2. þáttar 3. kafla.
- h) Að því er varðar beitingu þessarar reglugerðar skulu ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar einnig gilda um þau skjöl stofnunarinnar sem varða EFTA-ríkin.
- i) Ákvæði þessarar málsgreinar taka ekki til Liechtensteins.
- j) Gildistöku þessarar málsgreinar skal frestað að því er Ísland varðar þar til sameiginlega EES-nefndin ákveður annað.“
2. Eftirfarandi málsgrein bætist við á eftir 8. mgr.:
- „8a. a) EFTA-ríkin skulu frá 1. janúar 2009 taka þátt í starfsemi sem leitt gæti af eftirtalinni gerð:
- **32008 R 0683**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 683/2008 frá 9. júlí 2008 um nánari framkvæmd Evrópuáætlana um leiðsögu um gervihnött (EGNOS og Galileo) (Stjúd. ESB L 196, 24.7.2008, bls. 1).
- b) EFTA-ríkin skulu taka þátt í kostnaði í tengslum við starfsemi sem um getur í staflíð a) í samræmi við staflíð a) í 1. mgr. 82. gr. samningsins og bókun 32 við samninginn.
- Að auki skal Noregur, með vísan til staflíðar c) í 1. mgr. 82. gr. samningsins, leggja fram 20 114 000 evrur vegna ársins 2008, og skal helmingur þeirrar fjárhæðar koma til greiðslu 31. ágúst 2012 og hinn helmingurinn 31. ágúst 2013, að útgefinni greiðslubeiðni sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein 2. mgr. 2. gr. bókunar 32.
- c) EFTA-ríkin skulu taka fullan þátt, þó án atkvæðisréttar, í störfum allra EB-nefnda sem eru framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna til aðstoðar við stjórnun, mótun og framkvæmd starfseminnar sem um getur í staflíð a).
- Með fyrirvara um þetta er heimilt að fella þátttöku EFTA-ríkjanna í störfum EB-nefnda, sem eru framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna til aðstoðar sérstaklega í tengslum við öryggisþætti starfseminnar sem um getur í staflíð a), undir sérstök ákvæði sem EFTA-ríkin og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna koma sér saman um. Markmiðið með slíkum ákvæðum er að stuðla að því að samræmis sé gætt í verndun gagna, upplýsinga og tækni Evrópuáætlana um leiðsögu um gervihnött af hálfu Evrópubandalagsins og EFTA-ríkjanna og að alþjóðaskuldbindingar samningsaðila á þessu sviði séu virtar.
- d) Ákvæði þessarar málsgreinar taka ekki til Liechtensteins.
- e) Gildistöku þessarar málsgreinar skal frestað að því er Ísland varðar þar til sameiginlega EES-nefndin ákveður annað.“

3. Texti 6. mgr. hljóði svo:

„Mat og veruleg stefnubreyting hvað varðar starfsemi sem tengist rammaáætlunum um starfsemi Bandalagsins á sviði rannsókna og tækniþróunar, sem um getur í 5. mgr., málsgrein 8a, 9. og 10. mgr., skal fara fram með þeim hætti sem um getur í 3. mgr. 79. gr. samningsins.“

2. gr.

Eftirfarandi liður bætist við í bókun 37 (með skrá sem kveðið er á um í 101. gr.) við samninginn.

„30. Vísinda- og tækninefnd (reglugerð ráðsins (EB) nr. 1321/2004).

31. Kerfísöryggisnefnd (reglugerð ráðsins (EB) nr. 1321/2004).“

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlega EES-nefndinni (*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2009 að telja.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. júlí 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

O.H. Sletnes

formaður.